

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Týsgata 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðar nr. 6 við Týsgötu. Í breytingunni felst að núverandi geymsla á lóð verður rifin og nýr byggingarreitur fyrir geymslur staðsettur í norðvestur horni lóðar. Heimilt verði að byggja einnar hæðar byggingu innan byggingarreiðs ásamt því að nýr byggingarreitur verður staðsettur við norðurhlíð húss vegna stiga utanhúss sem veitir aðgengi upp á 2. hæð. Jafnframt verður heimilt að gera léttbyggðar svalir götumegin á 2. hæð (flóttaleið). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt I, Bakkar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 2. desember 2021 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á núverandi verslunar- og þjónustuhúsnæði í Arnarbakka 2-6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk íbúðarhúsnæðis á grænni þróunarlóð, gróðurhúss og endurbóta á grænu svæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt III, Fell.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 2. desember 2021 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell og Völvufelli, auk uppbyggingar fyrir námsmannaíbúðir og sérbylí á grænum þróunarlóðum. Einnig eru þegar fengnar byggingarheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 12. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst að inn- og útakstur neyðarbíla að flugskýlum Landhelgisgæslunnar er færður að nýjum aðkomuvegi norðan flugskýla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. febrúar 2022.

Björn Axelsson.